

Landslið

- Karlar skulu vera í **sæti 225** eða lægra á heimslista **WSPL í brettastíl (slopestyle)**.
- Konur skulu vera í **sæti 125** eða lægra á heimslista **WSPL í brettastíl (slopestyle)**.
- Fjöldatakmörkun er **4 af hvoru kyni**.
- Allir keppendur geta á hvaða tímapunkti sem er komist inn í landsliðið með því að ná ofangreindu WSPL lágmarki. Þetta er háð því að fjöldatakmörkun liðsins sé ekki þegar uppfyllt.

Afrekshópur

- Karlar skulu vera í **sæti 600** eða lægra á heimslista **WSPL í brettastíl (slopestyle)**.
- Konur skulu vera í **sæti 300** eða lægra á heimslista **WSPL í brettastíl (slopestyle)**.
- **14-18 ára og yngri** (f. 2003-2007).
- Fjöldatakmörkun er **5 af hvoru kyni**.
- Allir keppendur geta á hvaða tímapunkti sem er komist inn í afrekshópinn með því að ná ofangreindu WSPL lágmarki. Þetta er háð því að fjöldatakmörkun hópsins sé ekki þegar uppfyllt.

Valreglur fyrir stórmót

HM - Zhangjiakou/Geting Resort, Kína 15.-28. febrúar 2021

- Valið eftir síðasta heimslista WSPL í slopestyle þann 15. janúar 2021.
- Fjöldi að hámarki: **4 bestu af hvoru kyni**.
- Lágmark karla: þarf að vera í sæti 225 eða lægra á heimslista WSPL.
- Lágmark kvenna: þarf að vera í sæti 125 eða lægra á heimslista WSPL.

EYOF – Vuokatti, Finnland 6.-13. febrúar 2021

- Fjöldi fjórir bestu af hvoru kyni.
- Valið eftir heimslista WSPL í slopestyle þann 22. desember 2020.
- Aldur **17-18 ára** (2004-2005).
- Lágmark karla þurfa að vera í sæti 500 eða lægra á heimslista WSPL.
- Lágmark konur þurfa að vera í sæti 200 eða lægra á heimslista WSPL.

HM Unglinga – Stefnt á þátttöku en liggur ekki fyrir hvort mótið fari fram

- Valið skv. síðasta **heimslista WSPL** sem kemur út fyrir skráningarfrest (dagsetning gefin út síðar).
- Fjöldi **4 bestu af hvoru kyni**, í hverri grein, á aldrinum **13-18 ára** (2003-2007).
- Lágmark karla verða að vera í **sæti 350** eða lægra á heimslista **WSPL í brettastíl (slopestyle)**.
- Lágmark konur verða að vera í **sæti 150** eða lægra á heimslista **WSPL í brettastíl (slopestyle)**.